

Kytra ehf leggur inn fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa, mótt. 25.6. 2019, um breytingu á deiliskipulagi lóðanna að Dofrahellu 2 og 4.

Óskað er eftir eftirfarandi breytingum á lóðunum:

1. Núverandi lóðarmörk á milli lóðanna tveggja færast til norðurs, þ.e. að Dofrahella 2 minnki og Dofrahella 4 stækki.
2. Byggingarreitum verði breytt þannig að byggingarreitir verði afgangir, á Dofrahellu 4 verði fjórir minni afgangir reitir.
3. Sérafnotasvæði fylgi iðnaðarbilum við langhlið byggingarreits við Dofrahellu 2 og ákveðinn fjöldi bílastæða fylgi hverju bili.
4. Sér aðkoma verði fyrir hverja húsalengju frá Dofrahellu, þ.e. inn/útkeyrslur verði alls fimm í stað einnar ábáðar lóðir.

Nýtingarhlutfall lóðanna haldist óbreytt, $N_h = 0,5$.

Umsögn:

Tekið er jákvætt í fyrirspurnina að teknu tilliti til þess að fjarlægð á milli byggingarreita/frá lóðarmörkum að sunnanverðu á Dofrahellu 4 sé a.m.k. 12 m (verði málsett á uppdraetti) og að fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum að vestanverðu verði a.m.k. 3-6 m, þannig verði hægt að koma við akstri fyrir horn fyrirhugaðra bygginga.

Einnig er gerður fyrirvari um jákvæða umsögn umferðarsérfræðinga bæjarins vegna aðkomu að lóðum frá Dofrahellu og umferðarflæði um lóðirnar.

22.8. 2019

Guðrún Guðmundsdóttir arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar